allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKRIFSTOFUSTARF

Hafnarfjarðarbær auglýsir eftir ritara á skipulags- og byggingarsvið. Helstu verkefni ritara, auk almennra ritarastarfa, eru m.a. skráning í verkefnabókhald sviðsins og umsjón með gögnum, útsending fundarboða og bréfaskriftir vegna afgreiðslu mála, umsjón með skipulagsauglýsingum og fleira því tengt.

Góð tölvukunnátta nauðsynleg og reynsla af sambærilegum störfum æskileg.

Um er að ræða fullt starf, og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Hafnarfjarðar og Launanefndar sveitarfélaga.

Upplýsingar um starfið veita Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri og Jón Sigurðsson umsjónarmaður verkefna, í síma 585 5500.

Umsóknum skal skila til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, eigi síðar en 22.júní.

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

# Kirkjuvörður

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma óska eftir að ráða kirkjuvörð í Fossvogskirkju. Starfið felst einkum í eftirfarandi:

- Vinna í samstarfi við starfsmenn útfararstofa samkvæmt sérstakri starfs- og verklýsingu.
- Annast undirbúning fyrir athafnir í Fossvogskirkju, Kapellu og Bænhúsi.
- Taka á móti aðstandendum sem koma í Fossvog til að vera við athafnir.
- Annað samkvæmt sérstakri starfslýsingu.

Ráðið verður í starfið frá og með 1. ágúst n.k. eða eftir samkomulagi.

Æskilegt er að umsækjendur hafi stúdentspróf eða sambærilega menntun og tölvukunnáttu.

Umsækjendur eru beðnir að skila inn skriflegum umsóknum, þar sem getið er um menntun og fyrri störf. Umsókn merkt "Kirkjuvörður", skal senda til Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, Vesturhlíð 8, 105 Reykjavík. Umsóknarfrestur er til 15. júní n.k.

Nánari upplýsingar um starfið og launakjör veitir Erla Pálmadóttir forstöðumaður Fossvogskirkju í síma 585-2750 milli kl. 10 - 12 næstu daga.
Sjá upplýsingar um Kirkjugarðana á www.kirkjugardar.is

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

# Framkvæmdastjóri

564975

Stígandi ehf. sem staðsett er á Blönduósi óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa. Í starfinu felst dagleg stjórnun rekstrar og verklegra framkvæmda.

Leitað er að einstaklingi sem hefur þekkingu og/eða reynslu af stjórnun og rekstri. Æskilegt er að viðkomandi hafi menntun á sviði byggingariðnaðar. Í dag rekur fyrirtækið alhliða verktakastarfsemi og verkstæði þar sem smíðaðar eru innréttingar af ýmsu tagi.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is
ATVINNUMIÐLUN

FÉLAG FASTEIGNASALA

# EIGNAMIÐLUN

## Hjá okkur er nóg að gera !

**Eignamiðlun ehf. er elsta starfandi fasteignasala landsins, stofnuð árið 1957.**

**Hjá fyrirtækinu starfa nú sjö löggiltir fasteignasalar, einn lögfræðingur, einn sérlærður matsmaður og þrír löggiltir verðbréfamiðlarar auk skrifstofumanna.**

**Starfsmenn Eignamiðlunar búa yfir yfirgrips mikilli reynslu og þekkingu á sviði fasteignaviðskipta.**

**Meðal viðskiptavina Eignamiðlunar má nefna einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir, banka, sparisjóði, opinber fyrirtæki og sveitarfélög.**



### Eignamiðlun óskar eftir að ráða löggiltan fasteignasala

**Við leitum** að öflugum einstaklingi til að starfa á sviði fasteignasölu hjá einni af leiðandi fasteignasölu landsins.

**Fasteignasalinn** annast skjalagerð og hefur milligöngu um kaup, sölu eða skipti á fasteignum, hann kemur jafnframt að mati fasteigna og tilboðsgerð. Honum ber að þjónusta viðskiptavini félagins á sem faglegastan og bestan hátt með það að leiðarljósi að fasteignaviðskipti gangi örugglega fyrir sig.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi löggildingu í fasteignasölu og/eða marktæka reynslu af sambærilegum störfum, en háskólamenntun á sviði lögfræði eða viðskiptafræði kemur einnig til greina. Áhersla er lögð á skilvís vinnubrögð, hæfni í samningagerð, lipurð í mannlegum samskiptum og faglegan metnað til árangurs í starfi.

**Í boði er** áhugavert starf hjá traustu og rótgrónu fyrirtæki, þar sem liðsandinn er þægilegur og tekjumöguleikar góðir fyrir duglegan og metnaðarfullan aðila.

**Umsóknarfrestur** er til og með 11. júní nk. Gengið verður frá ráðningu skv. nánara samkomulagi. Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá **STRÁ MRI**. **Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.**

**Guðný Harðardóttir** hjá **STRÁ MRI** veitir nánari upplýsingar, en viðtalstímar eru frá kl. 13-15. Vinsamlega sendið eigin starfsferilskrár til **stra@stra.is** ásamt viðeigandi prófgögnum.

STRÁ MRI WORLDWIDE

Suðurlandsbraut 6, 4. hæð - 108 Reykjavík - sími 588 3031 - www.stra.is

**Fagmennska í yfir 20 ár**

VEGAGERÐIN

# VERKEFNASTJÓRI
## AKUREYRI

Staða verkefnastjóra Vegagerðarinnar hjá nýframkvæmdum Norðaustursvæðis með aðsetur á Akureyri er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

**Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.**

**Starfssvið**
- Umsjón og eftirlit með framkvæmdum
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit
- Magnuppgjör og skýrslugerð

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Byggingartæknifræði eða byggingarverkfræði
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 11. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

MALARVINNSLAN ☎ 470 1500

# FJÁRMÁLASTJÓRI

Malarvinnslan á Egilsstöðum óskar að ráða fjármálastjóra með víðtæka reynslu og þekkingu.

Malarvinnslan hf. var stofnuð 1980. Malarvinnslan er allhliða verktakafyrirtæki með áherslu á malbikun og klæðningu og framleiðslu eininga fyrir iðnaðar- og íbúðahúsnæði. Einnig rekum við fullkomið vörubíla- og vinnuvéla-verkstæði, sjáum um aðrar framkvæmdir og veitum viðskiptavinum okkar ýmsa þjónustu. Hjá fyrirtækinu starfa á bilinu 120-140 starfsmenn.

**Starfssvið**
- Ábyrgð og umsjón með fjármálum fyrirtækisins
- Áætlanagerð
- Uppgjör
- Lánastýring og kostnaðareftirlit
- Skýrslugerð og upplýsingagjöf til stjórnenda

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Viðskiptafræði, hagfræði, endurskoðun eða sambærileg menntun
- 5 ára starfsreynsla æskileg
- Reynsla og þekking af eignastýringu og fjármálastjórnun æskileg
- Góð reynsla af lánamarkaði ásamt reynslu af samningagerð við fjármálafyrirtæki og lánadrottna
- Haldgóð þekking á bókhaldi og uppgjörum
- Góð íslensku- og enskukunnátta skilyrði
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Stjórnunarreynsla mikill kostur

Umsjón með starfinu hafa Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur.arnarsson@capacent.is) og Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

RINOL
RINOL Skandinavien

# ERT ÞÚ RÉTTI AÐILINN?

Rinol Skandinavien A/S eru að leita að svæðisstjóra/country manager til að sjá um sölu, rekstur og samskipti við viðskiptavini á Íslandi. Í boði er gott starf hjá mjög metnaðarfullu fyrirtæki þar sem spennandi tímar eru framundan.

Rinol Skandinavien A/S er danskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í lagningu steypu-og efnagólfa í fyrirtæki með sérhönnuðum tækjum í samvinnu við samstarfsaðila sem hafa sérþekkingu á þessu sviði.
Skrifstofur Rinol Skandinavien A/S eru staðsettar á Íslandi, í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru staðsettar í Næstved í Danmörku.

**Starfssvið**
Starfið felst m.a. í rekstri á skrifstofu fyrirtækisins hér á landi. Sölu, þjónustu og samningagerð við núverandi og tilvonandi viðskiptavini hér á landi.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, kostur ef viðkomandi er með byggingaverkfræði
- Reynsla af verkefnastjórnun, sér í lagi úr byggingageiranum mikill kostur
- Reynsla af sölu og samningagerð
- Góðir samskiptahæfileikar sem og hæfileikar til að stjórna skilyrði
- Góð enskukunnátta skilyrði
- Kunnátta í þýsku og allavega einu Norðurlandamáli kostur

Umsjón með starfinu hafa Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur.arnarsson@capacent.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

vinna.is
atvinnumiðlun



**Vinna.is**
Sími 511 1144 www.vinna.is

www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

GH vinnur að heildarlausnum fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem eru í byggingar- eða breytingarhugleiðingum. GH sérhæfir sig í innflutningi og dreifingu á vandaðri vöru frá Ítalíu og Austurríki. Má þar nefna lýsingu, t.d. frá iGuzzini og Fabbian, innréttingar, gólfefni, glugga og hurðir. GH leggur metnað í að veita persónulega þjónustu. Nánari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á www.gh.is

# SÖLUMAÐUR Í VERSLUN

Vegna aukinna umsvifa vantar okkur öflugan sölumann sem fyrst. Við leitum að kraftmiklum, þjónustulunduðum og snyrtilegum starfsmanni sem hefur ánægju af mannlegum samskiptum.

**Starfssvið**
- Sala, ráðgjöf og þjónusta til einstaklinga og fyrirtækja
- Skoðun teikninga frá arkitektum með viðskiptavinum
- Möguleiki á einfaldri teiknivinnu

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Stúdentspróf
- Reynsla af verslunarstörfum
- Hæfileikar til að selja
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á teikniforritinu AutoCAD kostur en ekki skilyrði

Umsjón með starfinu hafa Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur.arnarsson@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

capacent RÁÐNINGAR

# ERTU FORVITIN ? LEITUM VIÐ AÐ ÞÉR?

Capacent Ráðningar eru í forystu í ráðgjöf vegna ráðninga starfsfólks í almenn og sérhæfð skrifstofustörf, sölu- og þjónustustörf, ráðninga sérfræðinga, millistjórnenda og í stjórnunarstöður. Ráðgjafar Capacent Ráðninga beita faglegum vinnubrögðum og starfa eftir ákveðnum verkferlum sem tryggja gæði þjónustunnar. Capacent Ráðningar eru hluti af Capacent, stærsta rannsóknar- og ráðgjafarfyrirtæki landsins.

Capacent Ráðningar leita að öflugum liðsmanni.

**Þú þarft að vera**
- metnaðarfull/ur
- óhrædd/ur við vinnu
- full/ur frumkvæðis
- áhugasöm/samur um fólk
- vel upplýstur um viðskiptaheiminn
- með háskólagráðu
- geta unnið undir álagi
- vera skipulögð/lagður
- með ríka þjónustulund
- sveigjanleg/ur

**Það sem þú færð er**
- skemmtilegur vinnustaður
- krefjandi verkefni
- árangurstengd laun
- mikil samskipti við stjórnendur fyrirtækja
- mikil samskipti við samstarfsfólk

**Hlutverk þitt er að**
- skilja, þekkja og greina þarfir fyrirtækja
- gera starfsgreiningar með fyrirtækjum
- hafa auga fyrir tækifærum
- finna rétta einstaklinginn í starfið
- nota matstæki við mat á umsækjendum
- vera í samskiptum við fyrirtæki og umsækjendur

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Gunnar Haugen hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Sveitarfélagið ÁRBORG

Í Sveitarfélaginu Árborg búa um 7400 íbúar. Það starfa alls um 500 starfsmenn á vegum sveitarfélagsins og er það sameiginlegt verkefni starfsmanna og stjórnenda að veita metnaðarfulla og framsækna þjónustu. Sveitarfélagið Árborg leitar að starfsfólki sem er skipulagt, vandvirkt, hefur mikla hæfni í mannlegum samskiptum og ríka þjónustulund.

# STARFSMANNASTJÓRI

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir ráða starfsmannastjóra. Um er að ræða 100% starf sem er hluti af stjórnunarteymi fjármála- og stjórnsýslusviðs sveitarfélagsins.

**Starfssvið**
- Ábyrgð á stefnumótun og samþættingu starfsmanna – og starfsþróunarmála
- Framkvæmd og eftirfylgni starfsmannastefnu
- Ábyrgð á stjórnendaþjálfun og eftirfylgni með grunnþjálfunaráætlunum og símenntunaráætlunum
- Yfirumsjón með ráðningarferli sveitarfélagsins
- Ráðgjöf á sviði starfsmannamála
- Yfirumsjón launadeildar og eftirlit með þróun launakostnaðar og stöðugilda
- Þátttaka og undirbúningur fjárhagsáætlunar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði viðskipta, stjórnunar, mannauðsstjórnunar eða sambærilegt nám
- Starfsreynsla af sviði rekstrar, stjórnunar eða mannauðsstjórnunar æskileg
- Þekking af kjarasamningum og launavinnslu er æskileg
- Þekking á málefnum sveitarfélaga og/eða stjórnsýslu æskileg
- Góð hæfni í upplýsingatækni
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. **Umsóknarfrestur er framlengdur til og með 11. júní nk.** Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# Sumar, vetur, vor og haust....

### Gallup – spyrlar 564974
Gallup óskar eftir að ráða spyrla í úthringingar. Um er að ræða kvöld- og helgarvinnu. Leitað er að einstaklingum með góða íslenskukunnáttu og framúrskarandi þjónustulund. Gallup býður upp á skemmtilegt og gott starfsumhverfi. Viðkomandi þurfa að vera eldri en 18 ára og geta hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar veitir Hjördís Búadóttir í síma 540-7180 alla virka daga á milli kl. 8:00 og15:00.

### Lagerstarf 564968
Promens Tempra ehf. er fyrirtæki sem er í framleiðslu á húsaeinangrun og umbúðum úr EPS. Þeir óska eftir starfsmanni á lager. Starfið felur í sér almenn lagerstörf, afgreiðslu á byggingarplasti og talningu. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:00-17:00. Leitað er að samviskusömum, stundvísum og ábyrgum einstaklingi til starfa. Fyrirtækið sér starfsmönnum fyrir hádegisverði. Ráðið verður í starfið strax.

### Aðstoðarmaður vöruskilastjóra 564980
Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem er í matvælaframleiðslu óskar eftir að ráða aðstoðarmann í vöruskil. Starfið felur í sér skráningu og talningu á skilavörum. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:00-17:00. Leitað er að ábyrgum og stundvísum einstaklingi sem hefur góða tölvukunnáttu. Ráðið verður í starfið strax.

### Sewing Position 564977
A company which manufactures window curtains has an immediate opening for sewing Position. The position comprises of sewing curtains, valances, shades etc. The company is looking for a conscientious, precise and experienced person. Good working conditions and an established company. Working hours are from 8:00 to 16:00.

### Útkeyrsla 564940
Kvos hf. móðurfélag Prentsmiðjunnar Odda ehf., Gutenberg ehf. og Odda skrifstofuvara ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra. Starfið felst í að keyra vörum fyrirtækisins í fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Einhver burður fylgir starfinu og kostur er ef viðkomandi hefur meirapróf. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:00-18:00. Leitað er að ábyrgum, röskum, þjónustulunduðum og sjálfstæðum einstaklingi. Ráðið verður í starfið strax.

### Akkorðsvinna 12:00-22:00 564960
Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem er í matvælaframleiðslu óskar eftir að ráða til sín starfsmann í dreifingardeild.
Í starfinu felst að taka til pantanir fyrir verslanir og er starfið unnið í akkorði. Vinnutími er mánudaga til fimmtudaga frá kl. 12:00-22:00 og frí á föstudögum. Röskir einstaklingar hafa náð töluverðum tekjum á mánuði. Leitað er að stundvísum, nákvæmum og duglegum einstaklingi sem er hraustur og getur hafið störf strax.

### Bílarafmagn – viðgerðir 564853
Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem flytur inn og selur vinnuvélar og tæki m.a. til verktaka, bæjarfélaga, bænda, sjávarútvegsfyrirtækja ofl. óskar eftir að ráða til sín starfsmann með mjög góða rafmagnsþekkingu. Í starfinu felast viðgerðir á rafmagnslyfturum og vinna við rafmagn í vörubílum. Kostur ef viðkomandi hefur unnið við bílarafmagn, lyftukerfi eða vökva- og kælibúnað. Vinnutími er frá kl. 8:00-17:15. Um framtíðarstarf er að ræða.

### Spennandi starf við sölu og ráðgjöf 564914
Fyrirtæki sem sérhæfir sig á hreinlætisvörumarkaði óskar eftir starfsmanni. Starfið felst í sölu og ráðgjöf til viðskiptavina. Leitað er að opnum og jákvæðum einstaklingi. Viðkomandi þarf að vera reyklaus og hafa einhverja reynslu af sölumennsku. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 9:00-18:00 eða 8:00-17:00. Ráðið verður í starfið strax.

### Verkstjóri á vélaverkstæði 564964
Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem flytur inn og selur vinnuvélar og tæki m.a. til verktaka, bæjarfélaga, bænda, sjávarútvegsfyrirtækja ofl. óskar eftir að ráða til sín verkstjóra á vélaverkstæði. Starfið felur í sér ábyrgð á daglegum verkefnum, úthlutun verkefna og reikningagerð. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:00-17:15. Leitað er að ábyrgum og sjálfstæðum einstaklingi sem er góður í mannlegum samskiptum. Einnig er skilyrði að viðkomandi hafi mikla þekkingu á viðgerðum. Um framtíðarstarf er að ræða og verður ráðið í starfið fljótlega.

### Lagerstarfsmaður með meirapróf 564949
Öflugt fyrirtæki sem er í sölu og þjónustu á grænmeti til fyrirtækja og stofnana óskar eftir lagerstarfsmanni með meirapróf til starfa. Starfið felst í almennum lagerstörfum, kassaþvotti og útkeyrslu til fyrirtækja og stofnana. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:00-16:30 ásamt tilfallandi yfirvinnu. Leitað er að röskum og ábyrgum einstaklingi sem er góður í mannlegum samskiptum. Skilyrði er að viðkomandi hafi meirapróf. Góð starfsmannaaðstaða og er hádegisverður niðurgreiddur. Ráðið verður í starfið strax.

UPPLÝSINGAR EINGÖNGU VEITTAR HJÁ VINNA.IS

vinna.is
atvinnumiðlun
S: 511 1144

# .....nú er rétta starfið laust!

### Verkstæðismóttaka 564951
Bílaumboð á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir starfsmanni í móttöku á verkstæði. Í starfinu felst móttaka og þjónusta við viðskiptavini, forskoðun á ástandi bifreiða, gerð kostnaðaráætlana og reikningagerð. Leitað er að þjónustulunduðum einstaklingi sem er stundvís og nákvæmur í vinnubrögðum. Viðkomandi þarf einnig að hafa einhverja þekkingu/áhuga á bifreiðum og kostur að hafa reynslu af sambærilegu starfi. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:00-18:00. Ráðið verður í starfið fljótlega.

### Meiraprófsbílstjóri með c-réttindi 564963
Flutningafyrirtæki óskar eftir að ráða til sín meiraprófsbílstjóra til að aka vörum til viðskiptavina innan höfðuborgarsvæðisins. Í starfinu felst að ferma og afferma bílinn auk útkeyrslunnar. Vinnutími er frá kl. 7/8:00-15/16:00. Leitað er að hraustum og áreiðanlegum aðila með meiraprófsréttindi og hreint sakavottorð.

### Meiraprófsbílstjóri með trailerréttind 564962
Flutningafyrirtæki óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra til þess að aka gámum út á land. Í starfinu felst að fara með og sækja gáma til viðskiptavina og samstarfsaðila í nágrenni höfuðborgarsvæðisins og eins þarf viðkomandi að keyra norður í land, hitta þar annan keyrsluaðila, skiptast á tengivögnum og keyra til baka. Vinnutími er aðra vikuna frá kl. 8:00-16:00 og hina vikuna frá kl. 16:00-24:00. Leitað er að meiraprófsbílstjóra með trailerréttindi og hreint sakavottorð.

### Tæknimaður 564941
Járn og Gler óskar eftir tæknimanni. Æskilegt er að viðkomandi hafi einhverja menntun á sviði rafmagns og/eða reynslu af rafmagnsviðgerðum. Starfið felur í sér uppsetningu og viðhald sjálfvirks búnaðar auk þess að sinna sölu og tilboðsgerð. Leitað er að einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt og er góður í mannlegum samskiptum. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:00-17:00 nema á föstudögum til kl. 16:00. Ráðið verður í starfið fljótlega.

### Sölumaður 564989
OpenHand sérhæfir sig í hugbúnaðarlausnum fyrir fólk á ferðinni. Með þjónustu OpenHand fá viðskiptavinir aðgang að öllum sínum upplýsingum á ferðinni í farsíma sinn, líkt og þeir sætu á skrifstofunni. Fyrirtækið leitar að öflugum sölumanni til starfa vegna ört vaxandi verkefna. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 9:00-17:00. Viðkomandi þarf að geta unnið einstaka kvöld. Leitað er að samviskusömum og ábyrgum einstaklingi sem er sjálfstæður og á gott með mannleg samskipti. Reynsla af sölu farsíma eða góð þekking á farsímatækni kostur en ekki skilyrði. Ráðið verður í starfið strax.

### Lager - lyftararéttindi æskileg 564938
Kvos hf., móðurfélag Prentsmiðjunnar Odda ehf., Gutenberg ehf. og Odda skrifstofuvara ehf., óskar eftir að ráða lagerstarfsmann. Um er að ræða hefðbundin lagerstörf. Vinnutími er mánudaga - föstudaga frá kl. 8:00 -18:00. Leitað er að hraustum, sjálfstæðum og áreiðanlegum aðila sem er afkastamikill og þjónustulundaður. Lyftarapróf er kostur ásamt reynslu af lagerstarfi. Um framtíðarstarf er að ræða og þarf viðkomandi að byrja sem fyrst.

### Saumavinna 564977
Starfsmaður óskast í saumavinnu hjá fyrirtæki sem sérhæfir sig í gluggatjöldum. Starfið felur m.a. í sér saumaskap á gluggatjöldum, tauköppum, felligardínum og m.fl. Leitað er að einstaklingi sem er samviskusamur, nákvæmur og vanur saumavinnu. Vinnutími er frá kl. 8:00-16:00. Ráðið verður í starfið strax.

### Sala og ráðgjöf 564992
Fyrirtæki sem er í sölu- og ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga óskar eftir að ráða ráðgjafa til starfa sem fyrst. Í starfinu felst m.a. umsjón og ábyrgð á verkefnum, tengsl og ráðgjöf til viðskiptavina, upplýsingaöflun, gerð auglýsinga og annað sem til fellur. Leitað er að starfsmanni sem er með stúdentspróf, háskólanám kostur en ekki skilyrði, reynslu af skrifstofustörfum, frumkvæði, jákvæðni og vilja til að ná árangri í starfi. Einnig þarf viðkomandi að viðhafa sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð. Vinnutími er frá kl. 9:00-17:00.

### Starfsmaður í málningardeild 564950
Verslunar- og þjónustufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða til sín starfsmann í sölu og afgreiðslu í málningardeild. Leitað er eftir einstaklingi sem er þjónustulundaður, heiðarlegur og hefur góða framkomu. Kostur er ef viðkomandi hefur reynslu úr sambærilegu starfi. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 10:00-19:00 og unninn er einn laugardagur og einn sunnudagur í mánuði. Ráðið verður í starfið fljótlega.

### Magazyn – zawodowe prawo jazdy C 564949
Przedsiębiorstwo usługowe zajmujące się sprzedażą warzyw poszukuje pracownika do magazynu. Zakres obowiązków – wykonywanie prac magazynowych, mycie pojemników oraz dostarczanie produktów do klientów. Czas pracy – wszystkie dni robocze od 08:00 do 16:30 z możliwością nadgodzin. Poszukiwana jest energiczna, odpowiedzialna, osoba. Dobre warunki pracy oraz obiad opłacany przez przedsiębiorstwo. Poszukiwani są kandydaci znający język angielski lub islandzki.





# 3G Vertu með frá byrjun

**NOVA** er nýtt 3G félag sem mun breyta samskiptum fólks og því með hvaða hætti það miðlar upplýsingum og afþreyingu.

Við byggjum upp eigið 3G farsíma- og netkerfi og höfum sett okkur metnaðarfull markmið um innkomu á íslenskan markað. Framundan eru því mörg krefjandi og skemmtileg verkefni.

Við leitum að kraftmiklu og drífandi fólki sem vill takast á við áskorun í starfi, getur sýnt frumkvæði, unnið sjálfstætt og í hópi.

Ef þú telur þig eiga erindi í okkar hóp í eitthvert neðangreindra starfa sendu okkur þá umsókn og ferilskrá á netfangið nova@nova.is fyrir 10. júní.

Í öllum tilfellum þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

**Í boði eru eftirtalin störf:**

## Yfirmaður fjarskiptakerfa

Yfirmaður fjarskiptakerfa leiðir uppbyggingu og framtíðarþróun **3G** fjarskiptakerfa **NOVA**. UMTS dreifikerfi, símstöðvar og VAS kerfi heyra undir fjarskiptadeild fyrirtækisins. Gerð er krafa um umtalsverða þekkingu og reynslu á uppbyggingu og rekstri fjarskiptaþjónustu, einkum á sviði farsímaþjónustu.

## Starfsmaður í prófanir

**NOVA** leitar eftir starfsmanni til að framkvæma prófanir við erlend símafyrirtæki. Starfið felur í sér umsjón og eftirfylgni með prófunum á þeim þjónustum sem **NOVA** mun bjóða upp á erlendis. Gerð er krafa um nákvæmni og samviskusemi sem og góða enskukunnáttu. Tækniþekking er ekki nauðsynleg.

## Ritari & móttaka

Starfið felur í sér símsvörun ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Viðkomandi þarf að búa yfir góðum skammti af þjónustulund og lífsgleði.

## Verkefnastjóri 3G uppbyggingar

Starfið felur í sér verkstjórn, hönnun og eftirlit með aðstöðu þeirri sem **NOVA** mun byggja upp fyrir **3G** dreifikerfi fyrirtækisins. Viðkomandi mun leiða hraða uppbyggingu dreifikerfisins um land allt. Umsækjandi skal vera verkfræðingur eða tæknifræðingur af byggingasviði. Gerð er krafa um að viðkomandi hafi góða reynslu af verklegum framkvæmdum og skipulagningu þeirra.

## Verkefna- & ferlastjóri á markaðssviði

Starfið felur í sér verkefnastjórnun á markaðssviði **NOVA** og heyra sölu-, markaðs- og þjónustumál fyrirtækisins undir það svið. Viðkomandi mun taka virkan þátt í innleiðingu á nýrri vöru og þjónustu sem og að bera ábyrgð á öllum verkefna- og vinnuferlum innan sviðsins. Háskólamenntun og/eða reynsla á sviði verkefnastjórnunar og góð tölvukunnátta er skilyrði. Reynsla af notkun Visio, Sharepoint og CRM er kostur.

## Verkefnastjóri á tæknisviði

Starfið felur í sér ábyrgð á samskiptum við lykilverktaka sem sérhæfa sig í innleiðingu hugbúnaðar- og fjarskiptalausna. Samstarfsaðilar **NOVA** eru bæði innlend og erlend fyrirtæki. Háskólamenntun og/eða reynsla á sviði verkefnastjórnunar er skilyrði.

**Nánari upplýsingar á www.nova.is**

NOVA · Sætúni 8 · 105 Reykjavík · Sími 517 6660 · www.nova.is

NOVA

# Forstöðumaður

*Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar eftir forstöðumanni á heimili fatlaðs fólks í Hafnarfirði.*

**Ábyrgðarsvið:**
- Rekstur og fagleg þjónusta
- Starfsmannahald
- Samskipti við aðstandendur og samstarfsaðila
- Áætlanagerðir s.s. rekstrar- og þjónustuáætlun

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Þroskaþjálfun eða háskólamenntun á sviði félagsvísinda
- Reynsla og þekking á málefnum fatlaðra æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar
- Jákvæðni og drifkraftur
- Áhugi á málefnum fatlaðra

**Í boði er:**
- Spennandi framtíðarstarf
- Öruggt starfsumhverfi
- Sveigjanlegur vinnutími
- Faglegur stuðningur og samstarf við aðra stjórnendur

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningum BHM eða SFR. Nánari upplýsingar veitir sviðsstjóri starfsmannasviðs á skrifstofutíma. Sjá einnig auglýsingu á heimasíðu Svæðisskrifstofu Reykjaness, www.smfr.is. Umsóknarfrestur er til 17. júní nk.

*Svæðisskrifstofa Reykjaness sem staðsett er á stórhöfuðborgarsvæðinu er áhugaverður vinnustaður sem sinnir fjölbreyttri þjónustu á heimilum fatlaðra, á hæfingarstöðvum, starfsþjálfunarstað og skammtímavistunum.*

smfr
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi

Svæðisskrifstofa Reykjaness // Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði // s: 525 0900 // www.smfr.is



# Atlantsskip óskar eftir fólki

## Innflutningur - tollskýrslugerð

***Starf:***
- Tollskýrslugerð í innflutningi
- Samskipti við innflytjendur

***Hæfniskröfur:***
- Reynslu af tollskýrslugerð er krafist
- Góð þekking á tollskrá nauðsynleg
- Góðir skipulagshæfileikar
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á: birgir@atlantsskip.is, fyrir 8. júní nk.

## Sumarstarfsmenn í sérverkefni og afleysingar

***Starf:***
- Almenn skrifstofu- og sölustörf

***Hæfniskröfur:***
- Almenn tölvuþekking
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund

*Atlantsskip er eitt stærsta flutningafyrirtæki landsins og annast vöruflutninga til og frá landinu og um allan heim, á sjó, í lofti og á landi. Atlantsskip byggja starfsemi og þjónustu fyrirtækisins á lítilli yfirbyggingu, persónulegum samskiptum og sveigjanleika. Því er Atlantsskip kraftmikið þjónustufyrirtæki. Hlutverk Atlantsskipa er að bjóða viðskiptavinum sínum trausta og örugga flutningsþjónustu með ánægju þeirra að leiðarljósi.*

*__Atlantsskip ehf.__ Vesturvör 29 / 200 Kópavogur*
*Sími 591 3000 / __www.atlantsskip.is__*

ATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-

PIPAR • SÍA • 71114

orkusalan
**spennandi samband**

# INNKAUPASTJÓRI

Orkusalan óskar eftir að ráða metnaðarfullan og öflugan einstakling í starf innkaupastjóra. Hér er um nýtt starf að ræða hjá spennandi fyrirtæki.

Orkusalan er nýtt, framsækið og öflugt raforkusölufyrirtæki sem hefur það að markmiði að stuðla að hagkvæmum og þægilegum raforkuinnkaupum fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir.

**Starfssvið**
- Innkaup á raforku til endursölu
- Gerð innkaupaáætlana
- Samningagerð við birgja
- Tilboðsgerð inn á heildsölumarkað
- Önnur verkefni í samvinnu við framkvæmda- og markaðsstjóra

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði verkfræði, raungreina, viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Stjórnunarreynsla er kostur
- Leiðtogahæfni
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.

Umsjón með starfinu hafa Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur.arnarsson@capacent.is) og Sigurður J. Eysteinsson (sigurdur.eysteinsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 17. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

HAFNARFJÖRÐUR

# FJÁRMÁLASTJÓRI

Hafnarfjarðarbær leitar að fjármálastjóra til að hafa yfirumsjón með fjármálum bæjarins.

Velkomin til Hafnarfjarðar.

Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá Þjónustuveri bæjarins í síma 5855500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

**Starfssvið**
- Annast og ber ábyrgð á daglegri fjármálastjórn bæjarins
- Hefur umsjón með fjárstýringu, greiðsluflæði og innheimtu
- Annast undirbúning og gerð fjárhagsáætlunar bæjarins ásamt gerð greiðsluáætlana
- Ber ábyrgð á kostnaðareftirliti með rekstri og framkvæmdum
- Kemur að stefnumótun í samræmi við markmið bæjarstjórnar um aðhald, hagkvæmni og sparnað í innkaupum og rekstri bæjarins
- Hefur umsjón með álagningu gjalda og eftirlit með gjaldstofnum bæjarins

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í rekstrarhagfræði, viðskiptafræði og/eða sambærileg menntun
- Reynsla af áætlanagerð og almennri fjármálastjórn nauðsynleg
- Reynsla og/eða þekking á opinberu rekstrarumhverfi
- Reynsla af stjórnun ásamt samskipta- og skipulagshæfileikum

**Með vísan í jafnréttisstefnu Hafnarfjarðarbæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um starfið.**

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Hanna B. Vilhjálmsdóttir (hanna.vilhjalmsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 17. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

ICELANDAIR
TECHNICAL SERVICES



*Icelandair Technical Services er hluti af Icelandair Group sem annast viðhald flugvéla og veitir alhliða tækniþjónustu í flugrekstri. Félagið hefur hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi með framúrskarandi þjónustu. Hjá félaginu starfa 270 starfsmenn sem eru lykillinn að velgengni þess. Félagið býður upp á krefjandi og spennandi verkefni hérlendis sem erlendis. Icelandair Technical Services leggur áherslu á þjálfun starfsmanna, styður félagsstarf og hvetur til heilsuræktar. Icelandair Technical Services er reyklaus vinnustaður.*

# Deildarstjóri skipulags og áætlunardeildar

Icelandair Technical Services leitar að öflugum einstaklingi í starf deildarstjóra áætlunardeildar.

**Helstu verksvið deildarinnar eru:**

- Að tryggja að viðhald og skoðanir flugvéla séu framkvæmdar innan leyfðs tímaramma.
- Að áætla og tímasetja framkvæmd viðhalds á sem hagkvæmastan hátt og þannig að sem minnst röskun verði á flugáætlunum.
- Að tryggja rétta meðferð og vörslu tæknigagna.

**Við leitum að einstaklingi sem hefur eftirfarandi til að bera:**

- Háskólamenntun á sviði verkfræði, viðskiptafræði eða skyldra greina.
- Þekkingu á aðgerðargreiningu (Operations Research) eða reynslu/hæfni í greiningu og lausn flókinna verkefna.
- Reynslu af stjórnun.
- Skipulagshæfileika.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og kraft til þess að hrinda nýjum verkefnum í framkvæmd.
- Metnað, sjálfstæði, skipulagshæfni og samviskusemi í starfi.
- Mjög góða enskukunnáttu.

Í deildinni starfa um 15 manns og skiptist starfsemi deildarinnar í þrjá meginhluta: Langtímaáætlanir, skammtímaáætlanir og meðferð/varsla tæknigagna.

*Umsóknir óskast sendar starfsmannastjóra Icelandair Technical Services (starf@its.is) eigi síðar en 14. júní. Skriflegar umsóknir berist til Icelandair Technical Services, Keflavíkurflugvelli, Bygging 8, 235 Keflavíkurflugvelli.*

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

HANDLAGINN

# SMIÐIR ÓSKAST
## Í SPENNANDI VIÐHALDSVERKEFNI

**Vegna fjölda verkefna getur Handlaginn bætt við sig duglegum og hressum smiðum í spennandi viðhaldsverkefni. Um fjölbreytileg og skemmtileg störf er að ræða þar sem mikið er lagt upp úr fagmennsku og sjálfstæði iðnaðarmanna.**

**Handlaginn hefur sérhæft sig í smærri viðhaldsverkefnum fyrir einstaklinga og því um mjög lifandi störf að ræða þar sem mikið er lagt upp úr góðum samskiptum við viðskiptavini. Ef þú hefur áhuga á að vinna að spennandi verkefnum hjá traustu og öflugu fyrirtæki þá er þetta rétta starfið þig.**

Umsóknir skulu berast skrifstofu Handlagins, Borgartúni 31, 105 Reykjavík, eða í tölvupósti á handlaginn@handlaginn.is

Handlaginn er í eigu Öryggismiðstöðvarinnar.

www.handlaginn.is

MÁLARAR/RAFVIRKJAR/MÚRARAR/PÍPARAR/SMIÐIR

# Verkfræðistofan Rafhönnun hf. hefur áhuga á að bæta við sig fólki

**Starf A - Sérfræðingur á sviði stjórnbúnaðar**

Starfssvið:
Ráðgjöf, áætlanagerð og hönnun. Eftirlit með uppsetningu og prófunum. Gerð handbóka. Verkefnin tengjast aðallega stjórnbúnaði virkjana og veitna.

Hæfniskröfur:
- Rafmagnsverkfræðingur eða -tæknifræðingur
- Góð þekking á stjórnbúnaði æskileg
- Kunnátta í forritun
- Kunnátta í forritun stjórnbúnaðar æskileg

**Starf B - Hönnun og eftirlit á sviði stjórnbúnaðar**

Starfssvið:
Hönnun og eftirlit með uppsetningu og prófunum. Umsjón með skjalavistun og aðstoð við gerð handbóka. Starfið hentar t.d. nýlega útskrifuðum verk- eða tæknifræðingi sem hefur áhuga á að kynnast stjórnbúnaði virkjana og veitna.

Hæfniskröfur:
- Rafmagnsverkfræðingur eða -tæknifræðingur
- Áhugi á stjórnbúnaði

**Starf C - Lagnahönnuður**

Starfssvið:
Hönnun raflagna og eftirlit. Aðallega er um að ræða lagnir í stærri byggingar, iðnað o.fl. Einnig ýmis sérkerfi bygginga.

Hæfniskröfur:
- Rafmagnsverkfræðingur, -tæknifræðingur eða -iðnfræðingur eða rafvirki vanur lagnahönnun
- Reynsla af lagnahönnun æskileg
- Þekking á sérkerfum bygginga æskileg

Leitað er eftir starfsfólki sem sýnir frumkvæði í starfi og lipurð í samskiptum ásamt því að hafa skipulagshæfileika og jákvætt hugarfar.

Nánari upplýsingar veitir Skapti Valsson (skapti@rafhonnun.is) í síma 530 8029 eða Jóhann Þór Magnússon (johann@rafhonnun.is) í síma 530 8028

Vinsamlegast sendið umsóknir til Rafhönnunar fyrir 16 júní n.k. Umsóknir þurfa að innihalda nákvæma lýsingu á menntun umsækjanda og fyrri störfum og aðrar upplýsingar sem umsækjandi telur að komi að gagni við val umsækjanda. Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

**Verkfræðistofan Rafhönnun**

Starfsmenn Rafhönnunar eru um 65. Fyrirtækið er með vottað gæðastjórnunarkerfi samkvæmt kröfum ISO 9001:2000. Stærstu verkefni Rafhönnunar um þessar mundir eru m.a. nýtt álver Alcoa á Reyðarfirði, stækkun Norðuráls á Grundartanga, stækkun flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og einnig útboð og hönnun á rafbúnaði virkjana og orkuveitna. Rafhönnun hefur um árabil unnið að ráðgjöf og hönnun vegna uppsetningar stjórnkerfa fyrir orkuveitur. Hönnun á raflögnum og sérkerfum fyrir byggingar er verulegur hluti starfseminnar. Á fjarskiptasviði er m.a. unnið við ráðgjöf fyrir stærri notendur og jafnframt hönnun fjarskiptakerfa fyrir fjarskiptafyrirtæki. Einnig er unnið að ýmsum iðnaðarverkefnum sem fela m.a. í sér hönnun raflagna og forritun iðntölva og skjákerfa. Starfsmenn Rafhönnunar annast margvísleg verkefni, jafnt áætlanagerð, útboðsgögn, raflagnahönnun, eftirlitsstörf, verkefnastjórnun og forritun allt eftir því sem við á.

Rafhönnun
Ármúli 42, 108 Reykjavík
Sími: 530 8000, Fax: 588 8302
Netfang: rafhonnun@rafhonnun.is, www.rafhonnun.is

FS 06520
ISO 9001:2000

EJS

**Spennandi störf hjá framsækinu fyrirtæki.**

Vegna aukinna umsvifa á Akureyri, óskar EJS efir að ráða viðskiptastjóra, sérfræðing og verslunarstjóra.

**Viðskiptastjóri**
Starfssvið:
- Samskipti við lykilviðskiptavini
- Öflun nýrra viðskiptavina
- Söluráðgjöf
- Tilboðs- og samningagerð
- Auk annarra tilfallandi starfa

Hæfniskröfur
- Háskólapróf er æskilegt
- Innsýn í upplýsingatækni
- Frumkvæði
- Rík þjónustulund

**Sérfræðingur**
Starfssvið:
- Umsjón og rekstur á víðneti EJS Akureyri
- Þjónusta við rekstur Internetveitu EJS Akureyri
- Þjónusta og ráðgjöf við viðskiptavini á sviði víðnetslausna
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur
- Tæknimenntun er æskileg
- Góð þekking á vélbúnaði (Cisco, beinum, skiptum, eldveggjum osfrv.) og hugbúnaði/stýrikerfum (Unix, Linux, Microsoft)
- Samskiptahæfni og sveigjanleiki
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

**Verslunarstjóri á Akureyri**
Starfssvið:
- Ábyrgð á rekstir verslunar
- Dagleg stjórnun
- Birgðahald og önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur
- Góð þekking á upplýsingatækni
- Reynsla af verslunarstörfum
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

**Nánari upplýsingar**

Nánari upplýsingar um störfin veitir Reynir Stefánsson svæðisstjóri EJS á Akureyri, reynirs@ejs.is. og Unnur Flygenring starfsmannastjóri unnurf@ejs.is. Umsóknarfrestur er til 11.júní. Eyðublöð fyrir umsóknir er að finna á vefsvæði EJS hf. Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað.

Í dag eru 22 starfsmenn hjá EJS á Akureyri. Á Akureyri rekur EJS öflugt útibú. Þar er starfandi fyrirtækja- og sölusvið, netþjónusta og verkstæði. Þjónusta EJS nær til allra hliða nútíma upplýsinga- og samskiptatækni s.s. sölu og þjónustu á heimsþekktum vél- og hugbúnaði, ráðgjöf, rekstrarþjónustu og hýsingu og nær þjónustan til Norður- og Austurlands.

EJS er rótgróið og framsækið þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni. Það leggur metnað sinn í að þjóna íslensku atvinnulífi með því að bjóða fyrsta flokks tækniþjónustu og upplýsingatækni frá heimsþekktum framleiðendum eins og DELL, EMC, SUN, Microsoft, NCR, Trend Micro, Alcatel og Pontsec. Hjá EJS starfa helstu sérfræðingar landsins í upplýsingatækni.

***Leiðarljós EJS er "það er til lausn á öllu"***

Verktakar / Vélaleiga



VÖKVAVÉLAR

# Vélamenn óskast

Óskum eftir að ráða vanan mann á beltagröfu og vanan jarðýtumann. Upplýsingar gefur Sveinn í síma 699 7141.

Vökvavélar ehf. · Skipholti 50d, 104 Reykjavík
Sími 699 7141 · Fax 530 3210

---

Reykjavíkurborg



## Sérfræðingur hjá Fjármálasviði Reykjavíkurborgar

**Borgarbókhald óskar eftir að ráða viðskiptafræðing/hagfræðing til starfa við reikningsskilagerð og reikningshald. Um er að ræða spennandi starf þar sem viðkomandi starfsmaður mun taka þátt í þróun og innleiðingu á verkferlum við uppgjör og bókhald.**

**Starfssvið:**
- Reikningsskil Reykjavíkurborgar
- Skýrslugerð
- Uppgjör og endurkrafa á VSK
- Greining og eftirlit
- Ráðgjöf og þjónusta við svið og fyrirtæki borgarinnar
- Ýmis tilfallandi verkefni er varða fjármál borgarinnar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði viðskipta- eða hagfræði, framhaldsmenntun kostur.
- Þekking og reynsla af reikningshaldi og uppgjörsvinnu er kostur.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Færni í mannlegum samskiptum og metnaður til að ná árangri.
- Skipulagshæfni og frumkvæði.
- Tölvuþekking og kunnátta til að nýta upplýsingakerfi sem stjórntæki.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til 17. júní nk. Umsóknir og ferilskrár óskast sendar rafrænt á netfangið gisli.hlidberg.gudmundsson@reykjavik.is og mun móttaka umsókna verða staðfest.

Nánari upplýsingar um starfið veita Gísli H. Guðmundsson, borgarbókari í síma 411-3706 og Sigríður Björk Gunnarsdóttir, deildarstjóri í síma 411-3701.

Leiðarljós Fjármálasviðs er að þróa og innleiða hjá Reykjavíkurborg nýjustu og bestu vinnubrögð í stjórnun fjármála, reikningshaldi og fjárhagsáætlunargerð og veita viðskiptavinum Fjármálasviðs, þ.e. sviðum og fyrirtækjum Reykjavíkurborgar, borgarfulltrúum og borgarbúum, ávallt eins góða þjónustu og kostur er, með hagkvæmum hætti. Um 50 starfsmenn starfa hjá Fjármálasviði

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

---

## Þjónustufulltrúar óskast til starfa í almenna afgreiðslu í fjármála- og þjónustudeild.

Meðal verkefna afgreiðslunnar er útgáfa ökuskírteina og leyfa, s.s. skotvopna- og veitingaleyfa. Starfsmenn eru um 15 talsins.

**Helstu viðfangsefni:**
Móttaka, vinnsla og afgreiðsla umsókna um skírteini og leyfi sem og upplýsingagjöf til viðskiptavina.

Um er að ræða fjölbreytt verkefni fyrir einstaklinga sem vilja öðlast reynslu á sviði þjónustu- og skrifstofustarfa.

**Hæfnikröfur:**
Umsækjendur þurfa að hafa stúdentspróf, samsvarandi menntun eða reynslu sem nýtist vel í starfi. Góð, almenn tölvukunnátta, gott vald á íslensku og enskukunnátta er mikilvæg. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi til að bera lipurð í mannlegum samskiptum, séu kurteisir og búi yfir þjónustulund. Krafist er traustra vinnubraga og stundvísi.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Heiða Gestsdóttir, yfirmaður almennu afgreiðslunnar, í síma 444-1000.
Hreint sakavottorð er skilyrði fyrir starfi hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.
Störfin hæfa jafnt körlum sem konum.
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum fjármálaráðaherra og viðkomandi stéttarfélags. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.
Umsóknarfrestur er til og með 11. júní nk.
Skriflegum umsóknum, ásamt upplýsingum um menntun, fyrri störf og annað sem umsækjandi vill taka fram, skal koma til starfsmannastjóra lögreglunnar höfuðborgarsvæðinu, Hverfisgötu 113-115, 150 Reykjavík. Einnig má koma umsóknum gegnum tölvupóst: starfsumsokn@lrh.is

**Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.**
**Athygli er vakin á því, að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, nr. 464/1996, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.**

---




# Áhugaverð störf á Hvolsvelli



**Fyrir alla**
Húsasmiðjan hvetur alla, á hvaða aldri sem er sem vilja starfa hjá traustu og góðu fyrirtæki til að sækja um.

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanir eru 21 á landsvísu. Í verslunum okkar höfum við á boðstólnum yfir 80.000 vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 750 manns á öllum aldrei. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

**www.husa.is**

## Viljum ráða áhugasamt starfsfólk í eftirtalin framtíðarstörf í verslun okkar á Hvolsvelli.

### Sölu- og afgreiðslumann í verslun

**Ábyrgðarsvið:**
- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Pantanir á vörum
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur**
- Þekking á byggingvörum og tölvukunnátta æskileg
- Búa yfir heiðarleika, samviskusemi og þjónustulund

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst**

### Sölu- og afgreiðslumann í timbursölu

**Ábyrgðarsvið:**
- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Almenn lagerstörf
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur**
- Þekking á byggingvörum og tölvukunnátta æskileg en ekki skilyrði
- Lyftarapróf væri kostur
- Búa yfir heiðarleika, samviskusemi og þjónustulund

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst**

**Viljum einnig ráða duglega einstaklinga í sumarafleysingar**

Umsóknir berist til starfsmannastjóra Húsasmiðjunnar, Guðrúnar Kristinsdóttur, **atvinna@husa.is**, fyrir 15. júní n.k. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar **www.husa.is.**

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

# Vaktstjóri



## Domino's Pizza auglýsir eftir starfsmönnum í stöðu vaktstjóra.

Nauðsynlegir eiginleikar: Jákvætt hugarfar, kraftur, nákvæmni, þrautseigja og vilji til að gera betur í dag en í gær. Töluverð reynsla og miklir hæfileikar í mannlegum samskiptum skilyrði.

Domino´s Pizza leitast við að veita starfsmönnum tækifæri til starfsþróunar og eru því miklir möguleikar fyrir vaktstjóra til að vinna sig upp innan fyrirtækisins.

Umsóknir sendist á helga@dominos.is. Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Nánari upplýsingar veitir Helga Fjóla Sæmundsdóttir, starfsmannastjóri.

Domino's Pizza
58·12345
www.dominos.is



BÆJARSKRIFSTOFA SELTJARNARNESS

# SKRIFSTOFUSTARF

*Auglýst er laust til umsóknar starf launafulltrúa á launadeild Seltjarnarnesbæjar. Um er að ræða 80% starf. Starfið felst í launaútreikningum, skilum og útreikningum á launatengdum gjöldum, umsjón með orlofi starfsmanna o.fl.. Góð tölvukunnátta og lipurð í mannlegum samskiptum áskilin. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af vinnu við launakerfi.*

*Laun samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Seltjarnarness. Nánari upplýsingar veita Lúðvík Hjalti Jónsson, framkvæmdastjóri fjárhags- og stjórnsýslusviðs og Bryndís Richter, deildarstjóri launadeildar í síma 5959100. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.*

SELTJARNARNESBÆR
Bæjarskrifstofa

Augl.- Pórh. 2200.354

**Hörðuvallaskóli:**
- Kennari – hlutastarf
- Forstöðumaður Dægradvalar
- Matráður starfsmanna 60%

**Kársnesskóli:**
- Íþróttakennari
- Enska og umsjónarkennari á unglingast.
- Almennur kennari/sérkennari í kennslu á unglingastigi
- Gangavörður/ræstir 100%

**Lindaskóli:**
- Tónmenntakennari
- Tölvukennari
- Heimilisfræðikennari

**Salaskóli:**
- Umsjónarkennari á yngsta stig
- Íslenskukennari á unglingastig
- Kennari með þekkingu á táknmáli
- Stuðningsfulltr.m/þekkingu á táknmáli
- Stuðningsfulltrúi á unglingastigi

**Smáraskóli:** *Næsta skólaár*
- Skólastjóri v/námsleyfis
- Umsjónarkennari 5. bekk
- Tónmenntakennari 100%

*Vegna foreldraorlofa:*
- Náttúrufr./Stærðfr.i 8.–10. bekk 1.8.–15.11
- Tölvuk./Tölvuumsj. 15.11.- út skólaárið
- Umsjónarkennari 7. bekk 1.8. – 31.12

**Snælandsskóli:**
- Heimilisfræðikennari
- Umsjónarkennari á unglingastigi
- Dægradvöl 50%

### LEIKSKÓLAR KÓPAVOGS:

**Dalur: 554 5740**
- Aðstoð í eldhúsi
- Leikskólakennari
- Deildarstjóri 100%

**Efstihjalli: 554 6150**
- Leiksk.sérk/leikskólak/þroskaþj.

**Fífusalir: 570 4200**
- Matráður 100%
- Sérkennari/þroskaþjálfi
- Leikskólakennarar
- Deildarstjóri

**Grænatún: 554 6580**
- Leikskólakennari/leiðbeinandi

**Kópahvoll: 554 0120**
- Leikskólakennari 100%

**Kópasteinn: Fyrirsp. 692 7304**
***kopasteinn@kopavogur.is***
- Leikskólak/leiðbein. í haust
- Sérk. v/stuðnings í haust

**Marbakki: 564 1112**
- Leikskólakennarar (í haust)
- Aðstoð í eldhús, kl. 9-14 (í byrjun ágúst)

**Núpur: 554 7020**
- Deildarstjóri
- Leikskólakennarar
- Starfsmaður í sérkennslu

**Rjúpnahæð: 570 4240**
- Matráður 100%, sem fyrst
- Leikskólakennarar
- Sérkennsla (í haust)
- Dagræsting 50%, sem fyrst

**Smárahvammur: 564 4300**
- Sérkennsla – starfsmaður í stuðning

**Urðarhóll – Heilsuleikskóli: 554 7789**
- Leikskólakennarar

***Nánari upplýsingar á: www.kopavogur.is og www.job.is***

---

BLIKKSMIÐJAN VíK

**Óskum eftir að ráða blikksmiði eða laghenta aðstoðarmenn einnig kemur til greina að taka nema í blikksmíði.**

Upplýsingar í símum 557-1580 og 557-1555 Eyjólfur eða Jóhann.

---

VERKTAKAR MAGNI

**Vantar vana vélamenn til starfa strax.**

Upplýsingar gefur Sölvi í síma 660-6100.

---

101 hotel reykjavik

Óskum eftir að ráða dyravörð til starfa aðra hvora helgi, samtals u.þ.b. 15 tíma í mánuði. Umsækjendur þurfa að vera a.m.k. 25 ára. Leitum að kurteisum og vingjarnlegum, íslenskumælandi einstaklingi, með fágaða framkomu. Athugið að starfið getur hentað jafnt konum sem körlum. Áhugasamir sendi umsókn á ester@101hotel.is fyrir 5. júní n.k.

---

Reykjavíkurborg
Menntasvið

## Laugalækjarskóli

Laugalækjarskóli er unglingaskóli með u.þ.b. 300 nemendur í 7. - 10. bekk. Í skólanum er unnið metnaðarfullt starf og mikil þróunarvinna í gangi. Einkunnarorð skólans eru: Vinna- Framfarir - Árangur

**Næsta skólaár óskum við eftir að bæta í góðan hóp starfsmanna:**
- Tónmenntakennara í ½ stöðu
- Íþróttakennara drengja
- Íþróttakennara stúlkna, afleysing vegna barneignarleyfis
- Stærðfræðikennara, afleysing vegna barneignarleyfis
- Dönskukennara, afleysing vegna barneignarleyfis
- Yfirmanni í mötuneyti
- Skólaliðum

Umsóknir sendist í Laugarlækjaskóla v/Laugarlæk, 105 Reykjavík eða á audur@laugalaekjarskoli.is
Nánari upplýsingar veita Auður Stefánsdóttir, skólastjóri sími 5887500 eða 6648290 og Björn M. Björgvinsson, aðstoðarskólastjóri sími 5887500.
Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

---

IH ICELANDAIR HOTELS

**Ráðstefnudeild**

**Þingfreyjur /-þjónar**

**Verksvið**
- þjónusta við fundargesti og ráðstefnuskipuleggjendur
- undirbúningur funda / ráðstefna / annarra viðburða
- bókanir og símasvörun
- önnur skipulagning

**Hæfniskröfur**
- sjálfstæði, skipulag og stundvísi
- snyrtimennska og þjónustulund
- tala og rita íslensku og ensku
- tölvu- og tæknikunnátta kostur
- stúdentspróf og/eða iðnnám kostur

**Vinnutími**
Annars vegar 100% starfshlutfall
- vaktavinna, vinnutími kl. 7.30-19.30, önnur hver helgi, sveigjanleiki kostur

Hins vegar hlutastarf
- vinnutími sveigjanlegur, einhver kvöld- og helgarvinna
- tölvukunnátta nauðsynleg
- afleysingar og aðstoð við ýmis verkefni
- myndi henta vel með skóla

Umsóknir og fyrirspurnir sendist til ráðstefnustjóra á netfangið loftleidir@icehotels.is. Nánari upplýsingar í síma 444 4020.

---

**Dalvíkurbyggð auglýsir lausar til umsóknar eftirtaldar stöður við Tónlistarskóla Dalvíkurbyggðar**

### Skólastjóri

Auglýst er eftir skólastjóra frá og með 1. ágúst 2007

**Starfssvið:**
- Fag- og rekstrarleg stjórnun skólans
- Dagleg stjórnun og umsýsla skólans
- Áætlanagerð og stefnumörkun
- Skipulagning á skólastarfi
- Önnur verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Tónlistarmenntun og/eða kennsluréttindi
- Reynsla af kennslu
- Þekking og reynsla af stjórnun æskileg
- Reynsla af sambærilegum verkefnum kostur
- Góð tölvukunnátta
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með 18. júní 2007 og skulu umsóknir sendar til:
Bæjarráð Dalvíkurbyggðar, v/ skólastjóri tónlistarskóla, Ráðhús, 620 Dalvík

### Fiðlukennari

Auglýst er eftir Suzukifiðlukennara. Allir fiðlunemendur skólans hafa lært samkvæmt Suzukiaðferðinni.

Umsóknarfrestur er til og með 18. júní 2007 og skulu umsóknir sendar til:
Tónlistarskóli Dalvíkurbyggðar, Skíðabraut 12, 620 Dalvík

Upplýsingar um Tónlistarskólann og kennslu gefur Hlín Torfadóttir, skólastjóri, tonlist@dalvik.is eða í síma 460 4990.

Aðrar upplýsingar gefur Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri, sij@dalvik.is eða í síma 460 4900
Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag og samkvæmt Starfsmannastefnu Dalvíkurbyggðar.

**Dalvíkurbyggð er framsækið sveitarfélag við utanverðan Eyjafjörð. Þar er blómlegt og fjölbreytt atvinnu- og menningarlíf. Umhverfi er sérlega fjölskylduvænt og góðar aðstæður til útivistar jafnt sumar sem vetur. Frekari upplýsingar um sveitarfélagið má finna á www.dalvik.is**

---

Atvinna.is
Sími: 552-9300 ◆ Starfsráðningar ◆ Ráðgjöf

# Störf í boði

Okkur vantar fólk í eftirtalin störf. Vinsamlegast sækið um á heimasíðu okkar atvinna.is

**Ertu að leita að starfsmanni !**

Við veitum snögga og góða þjónustu þegar leita þarf að hæfum starfsmanni.

Sparaðu þér tíma og fyrirhöfn láttu okkur sjá um leitina.

**Höfuðborgarsvæðið**

Bókara / skrifstofustarf
Lagerstarfsmann*
Lagerstarfsmann(2 stöður)*
Lagerstarfsmann/ pökkun*

* okkur vanta fleirra fólk til lagerstarfa

**Suðurland**

Verslunarstjóra á Selfossi
Aðstoðarverslunarstjóra
Dekkjaverstæði Selfossi

* okkur vanta fólk á skrá búsett á Selfossi

þar sem leitin hefst

**Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) auglýsir eftir hagfræðingi til starfa á skrifstofu félagsins. Um fullt starf er að ræða og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.**

Meðal helstu verkefna hagfræðings Fíh er undirbúningur og gerð kjarasamninga í samvinnu við kjara- og samninganefnd félagsins, ráðgjöf og upplýsingar um kjara- og réttindamál til félagsmanna, gerð kjararannsókna, og verkefni sem tengjast tölulegum útreikningum.

Hagfræðingur Fíh þarf að hafa frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt, hafa góða tölvukunnáttu og ríka þjónustulund. Þekking á íslenskum vinnumarkaði og reynsla af kjarasamningagerð er æskileg.

Laun taka mið af kjarasamningi Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Upplýsingar um starfið veitir Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Fíh í síma 540-6400. Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf umsækjenda skulu hafa borist til skrifstofu félagsins að Suðurlandsbraut 22, fyrir þriðjudaginn 12. júní 2007.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

## LÖGFRÆÐINGUR

Háskóli Íslands er framsækin mennta- og vísindastofnun byggð á traustum grunni, stærsta þekkingarsamfélag landsins í sterkum alþjóðlegum tengslum.

Háskólinn auglýsir eftir lögfræðingi í fullt starf sem heyrir undir rektor en starfar einnig náið með sviðsstjóra kennslusviðs og öðrum stjórnendum skólans.

**Helstu verkefni:**
- Umsjón með lögfræðilegum málefnum Háskólans.
- Túlkun laga og reglna.
- Samning reglna fyrir HÍ en þær eru ígildi reglugerðar.
- Ráðgjöf um lögfræðileg atriði á sviði stjórnsýsluréttar og annarra réttarsviða sem snerta starfsemi Háskólans .
- Samningagerð við innlenda og erlenda aðila, fyrirtæki, háskóla og vísindastofnanir
- Þátttaka í nefndum og samstarfi á innlendum og erlendum vettvangi.

**Menntun, hæfni og reynsla**
- Cand. jur. eða sambærilegt próf.
- Reynsla af störfum í stjórnsýslu.
- Víðtæk þekking á stjórnsýslurétti.
- Umsækjandi þarf að vera skipulagður, sjálfstæður í vinnubrögðum og hafa metnað til að ná árangri í starfi.
- Rík áhersla er lögð á frumkvæði og góða samskiptahæfni.

**Umsóknarfrestur er til 18. júní 2007**

Sjá nánar á www.hi.is/page/storf
og www.starfatorg.is

Við ráðningar í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans.

Háskóli Íslands v/Suðurgötu, 101 Reykjavík, s. 525 4000

## LYFJAFRÆÐINGUR

Laus er til umsóknar staða lyfjafræðings í apóteki frá 1. ágúst 2007 eða eftir samkomulagi. Um er að ræða 50-100% starf.

Næsti yfirmaður er forstöðumaður apóteks.

Auk almennra starfa lyfjafræðings er um að ræða verkefni sem lúta að gæðamálum. Hæfniskröfur eru próf frá viðurkenndri stofnun lyfjafræðimenntunar og leyfi til að starfa sem slíkur. Nauðsynlegt er að umsækjendur búi yfir góðri hæfni til mannlegra samskipta og samvinnu.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi lyfjafræðinga og ríkisins.

Umsóknarfrestur er til 20. júní 2007.

Umsóknir með upplýsingum um nám og fyrri störf sendist Vigni Sveinssyni, framkvæmdastjóra fjármála og reksturs, vignir@fsa.is Fjórðungssjúkrahúsið, Eyrarlandsvegi, 600 Akureyri.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hilmar Karlsson, forstöðumaður apóteks í síma 4630100, hilmar@fsa.is

**Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri**

# Fjármálastjóri

**Staða fjármálastjóra við Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi er laus til umsóknar.**

Um er að ræða 100% stöðu sem ráðið verður í frá 1. ágúst 2007.

Fjármálastjóri annast m.a. bókun og greiðslu reikninga, gerð ársreikninga og fjárhagsyfirlita. Fjármálastjóri á m.a. samskipti við fjársýslu ríkisins og ríkisendurskoðun.

Leitað er eftir starfsmanni með góða viðskiptamenntun og/eða reynslu af fjármálastjórnun. Hæfni í mannlegum samskiptum áskilin.
Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum og stofnanasamningi.

Umsóknum um menntun og starfsreynslu skal skila til skólameistara.
Umsóknarfrestur er til 17. júní 2007.
Öllum umsóknum verður svarað. Ekki þarf að nota sérstök umsóknareyðublöð.

Nánari upplýsingar veitir Hörður Ó. Helgason skólameistari (hhelgason@fva.is), í síma 433 2500, 864 1711 og 899 7323

Skólameistari

# sævar karl.

# Skrifstofumaður og bókari

Við viljum ráða skrifstofumann til fjölbreytilegra skrifstofustarfa, innflutningur, launaútreikningur, samband við erlenda byrgja, vinna við viðskiptavinaskrá og margt fleira.

Okkur vantar bókara í hlutastarf eða lengur unnið er með DK bókhaldskerfi.

Fyrirtækið Sævar Karl hóf rekstur 1974. Hjá Sævari Karli vinna 12 til 15 frábærir starfsmenn við sölu og þjónustu til viðskiptavina sem eru þeir bestu og þakklátustu. Fyrirtækin sem við erum í daglegu sambandi við eru Giorgio Armani, Prada, Roberto Cavalli, Scabal, Dolce & Gabbana svo nokkur séu nefnd.

Hjá okkur er alltaf pláss fyrir bestu starfmennina, þeir verða að vera duglegir, sjálfstæðir í hugsun, hafa frumkvæði, skemmtilegir og hafa vilja til að takast á við spennandi verkefni í vellíðunarviðskiptum. Enginn reykir hjá okkur. Leggið inn umsókn með upplýsingum um nám og fyrri störf fyrir 7. júní eða sækið um á netinu saevarkarl@saevarkarl.is

**Sævar Karl. Bankastræti 7. sími 5513470**
**www.saevarkarl.is**

## Framkvæmdastjóri • Ríki Vatnajökuls ehf.

Ríki Vatnajökuls ehf. auglýsir eftir framkvæmdastjóra til starfa á Höfn í Hornafirði. Um er að ræða nýtt og spennandi starf með aðstöðu í þekkingarsetrinu Nýheimum.

Ríki Vatnajökuls ehf er Ferðaþjónustu-, matvæla- og menningarklasi Suðausturlands. Markmið fyrirtækisins er að gera Ríki Vatnajökuls að einu þekktasta ferðaþjónustusvæði Íslands, með áherslu á einstakt umhverfi Vatnajökuls, auðuga menningu og mannlíf og sérstöðu í matvælum.

**Hlutverk:**
- Framkvæmdastjóri tekur þátt í stefnumótun og sér um daglegan rekstur félagsins. Í starfinu felst einnig að leiða vöruþróunarverkefni, bera ábyrgð á gerð og eftirfylgni markaðsáætlana og öðru því sem stjórn félagsins ákveður.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Framkvæmdastjóri þarf að hafa háskólamenntun á sviði viðskipta- og markaðsfræða eða aðra sambærilega menntun. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sölu og markaðsstarfi.
- Framkvæmdastjórinn þarf að vera hvetjandi og gæddur eiginleikum til að byggja upp traust og góð samskipti meðal þátttakenda og skapa klasahugmyndinni gott orðspor út á við.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsreynslu auk meðmæla sendist til Frumkvöðlaseturs Austurlands, Nýheimum, 780 Höfn Hornafirði.

Umsóknarfrestur er til 5. júní 2007. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar veitir Ari Þorsteinsson, ari@fruma.is, sími 470 8080

Í RÍKI VATNAJÖKULS WOW!

Reykjavíkurborg
Menntasvið



**Grandaskóli**

## Grandaskóli óskar eftir starfsfólki í eftirfarandi störf:

**Þroskaþjálfi**. 60 - 70% starfshlutfall.
***Umsóknarfrestur er til 11. júní n.k.***

**Skólaritari**. 100% starf
**Stuðningsfulltrúar**. Hlutastörf eða heil störf
**Skólaliðar**. Hlutastörf eða heil störf
***Umsóknarfrestur er til 18. júní næstkomandi.***

Nánari upplýsingar gefa Börkur skólastjóri borkur@grandaskoli.is og Inga aðstoðarskólastjóri inga@grandaskoli.is, sími 5611400

Grandaskóli stendur við sjávarsíðuna í vesturbæ Reykjavíkur. Nemendur eru um 310 talsins í 1. - 7. bekk og við skólann starfa um 50 starfsmenn. Mikill stöðugleiki hefur verið í starfsmannahaldi skólans og í hópnum ríkir fagmennska og metnaður.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

# Leikskólinn Lundaból

Í Lundaból leggjum við áherslu á að starfið einkennist af jákvæðni og virðingu er velferð nemenda okkar leiðarljós.

Einkunnarorð leikskólans eru
Hjarta – Hugur – Hönd.

Vegna fyrirhugaðra breytinga á starfsháttum óskum við eftir leikskólakennurum eða uppeldismenntuðum aðilum til að sjá um kennslu á eftirfarandi námssviði:

**Umsjón með hreyfingu**

Einnig óskum við eftir starfsfólki í neðangreind störf:
- Deildarstjóri
- Sérkennslustjóri

Upplýsingar veita
Katrín S. Einarsdóttir leikskólastjóri og
Ingunn Þóra Hallsdóttir aðstoðarleikskólastjóri
í síma 565 6176.

**Fræðslu- og menningarsvið**

## Hársnyrtisveinar/meistarar

Óska eftir hársnyrtisvenum/meisturum á hársnyrtistofu á svæði 108 í fullt starf eða hlutastarf. Einnig eru stólar til leigu á sama stað. Upplýsingar í síma 568-5555.

## PROTOCOL ASSISTANT

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Protocol Assisatnt in the Executive Office.

The closing date for this postion is June 10, 2007. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

## IÐJUÞJÁLFI

### Víðines Kjalarnesi

**Iðjuþjálfi óskast til starfa hjá Hrafnistu Víðinesi með 70% starfshlutfall**

**Starfsvið:**
Iðjuþjálfi metur færni íbúa til daglegra athafna og hefur umsjón með dægradvöl heimilismanna og félagsstarfi.

**Hæfniskröfur:**
Iðjuþjálfamenntun frá Háskólanum á Akureyri eða frá viðurkenndum erlendum skóla. Sjálfstæði í vinnubrögðum og góð færni í mannlegum samskiptum. Lögð er áhersla á stundvísi, heiðarleika og hlýlegt viðmót.

Launakjör samkvæmt samningum og er ferðakostnaður til og frá vinnustað greiddur.

Allar nánari upplýsingar gefur Guðbjörg Dóra Tryggvadóttir í síma 863 0112

Hægt er að sækja um á www.hrafnista.is

das HRAFNISTA

www.hrafnista.is | sími: 585 9529

## GARÐABÆR

www.gardabaer.is

### Tónlistarskóli Garðabæjar

### Ritari í afleysingar í eitt ár

Tónlistarskóli Garðabæjar auglýsir eftir ritara til starfa í eitt ár frá 15. ágúst nk.

Hæfniskröfur:
- Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta
- Samviskusemi, nákvæmni og öguð vinnubrögð

Starfssvið
- Almenn skrifstofustörf
- Almenn afgreiðsla og þjónusta við nemendur, starfsfólk og viðskiptavini skólans
- Símsvörun
- Innheimta skólagjalda
- Ýmis önnur verkefni sem til falla

Upplýsingar um Tónlistarskóla Garðabæjar eru á vef skólans, www.tongar.is

Laun samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar gefa Agnes Löve skólastjóri og Svanhildur Guðmundsdóttir rekstrarstjóri alla virka daga kl. 10-12 í síma 540 8500.

**Umsóknarfrestur er til 16. júní.**

Hægt er að sækja um starfið með því að fylla út almenna atvinnuumsókn á vef Garðabæjar www.gardabaer.is

Fræðslu- og menningarsvið



## Sölustjóri

**HP Farsímalagerinn óskar eftir að ráða sölustjóra til starfa til að sinna fyrirtækja- og heildsölu félagsins.**

**Starfssvið:**
Yfirumsjón fyrirtækjasölu
Yfirumsjón heildsölu
Seta í vöru- og þjónustuþróunarhóp
Áætlanagerð
Samskipti við erlenda birgja
Árangurstengd laun

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
Reynsla og velgengni í sölustörfum
Mjög góð tök á íslenskri og enskri tungu
Hæfni í mannlegum samskiptum og mikil þjónustulund
Stúdentspróf og bílpróf
Mjög góð almenn tölvuþekking
Góð meðmæli

Vinsamlegast sendið ferilskrá á **info@farsimalagerinn.is** fyrir 5. júní næstkomandi.

*Þann 1. apríl sl. tók nýtt félag, HP Farsímalagerinn ehf., yfir verslunarrekstur Hans Petersen, verslunarrekstur Farsímalagersins.is og heildsölurekstur Strax á Íslandi. Félagið rekur sjö verslanir á höfuðborgarsvæðinu, fimm undir nafni Hans Petersen og tvær undir nafni Farsímalagersins.is auk heildsölu. Áætluð ársvelta hins nýja félags er um 700 milljónir.*

*Ætlun félagsins er að leiða stafrænu byltinguna á Íslandi og vera í fararbroddi í sölu á stafrænum lausnum hvort heldur á búnaði, í framleiðslu eða þjónustu.*

STRAX Global Mobile Solutions | HANS PETERSEN | Farsímalagerinn.is

Fiskislóð 75 | 101 Reykjavík | Sími 570 7500 | Fax 570 7510 | hanspetersen@hanspetersen.is | www.hanspetersen.is

Himinn og haf / SÍA



## Blaðberar óskast

Pósthúsið óskar eftir að ráða blaðbera til starfa. Við leitum að duglegu og samviskusömu fólki í fast starf, sumarafleysingar og íhlaupavinnu. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Taktu daginn snemma og njóttu sumarsins.

Upplýsingar og umsóknareyðublöð á posthusid.is

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330.

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða-, bréfa- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjö hundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is

pósthúsið – ódýrari valkostur

Reykjavíkurborg
Menntasvið

## Hamraskóli

Hamraskóli er grunnskóli þar sem lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda, jákvæða agastjórnun, samkennslu, fjölbreytta kennsluhætti og námsmat, samvinnu kennara og góð tengsl við forráðamenn og grenndarsamfélag. Skólinn er móðurskóli í samstarfi leik- og grunnskóla. Í Hamraskóla er starfrækt sérdeild fyrir einhverfa nemendur. Skólabyggingin er nýleg og er aðstaða til list- og verkgreinakennslu sérlega góð. Hamraskóli er staðsettur í Grafarvogi í Reykjavík.

**Við leitum eftir kennurum til að starfa með okkur á næsta ári. Eftirtaldar stöður eru lausar:**

- Deildarstjóri sérkennslu
- Umsjónarkennari í 4. - 5. bekk, 100% staða
- Kennari í upplýsinga- og tæknimennt, 100% staða

Nánari upplýsingar um störfin veita Yngvi Hagalínsson, skólastjóri og Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, aðstoðarskólastjóri í síma 567-6300.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

# IÐJUÞJÁLFI

## Víðines Kjalarnesi

**Iðjuþjálfi óskast til starfa hjá Hrafnistu Víðinesi með 70% starfshlutfall.**

**Starfsvið:**
Iðjuþjálfi hefur umsjón með dægradvöl heimilismanna og félagsstarfi ásamt því að meta þarfir einstaklinga fyrir hjálpartæki.

**Hæfniskröfur:**
Sjálfstæði í vinnubrögðum og góð færni í mannlegum samskiptum. Lögð er áhersla á stundvísi, heiðarleika og hlýlegt viðmót.

Launakjör samkvæmt samningum og er ferðakostnaður til og frá vinnustað greiddur.

Allar nánari upplýsingar gefur Guðbjörg Dóra Tryggvadóttir í síma 863 0112

Hægt er að sækja um á www.hrafnista.is

das HRAFNISTA

**www.hrafnista.is | sími: 585 9529**

TILKYNNINGAR

IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

**Ertu með stúdentspróf eða sambærilega menntun og hefur áhuga á að vinna við rafiðnað?**

Þá er hraðferð í grunnnámi rafiðna góður kostur.
Sjá nánar á heimasíðu Iðnskólans í Reykjavík, www.ir.is

**Tollkvótar vegna innflutnings á smjöri og ostum.**

Með vísan til 65. gr. og 65. gr A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og með vísan til reglugerðar, dags. 31. maí 2007, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta fyrir eftirfarandi innflutning, fyrir tímabilið 1. júlí 2007 til 30. júní 2008:

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu landbúnðarráðuneytisins: www.landbunadarraduneyti.is

Skriflegar umsóknir skulu berast til landbúnaðarráðuneytisins, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík, fyrir kl. 15:00 mánudaginn 8. júní n.k.

Landbúnaðarráðuneytinu, 1. júní 2007.

**Jafnréttisnefnd Kópavogsbæjar óskar eftir tilnefningum vegna árlegrar jafnréttisviðurkenningar.**

Samkvæmt jafnréttisstefnu Kópavogsbæjar veitir jafnréttisnefnd ár hvert viðurkenningu þeirri stofnun, nefnd eða ráði bæjarins, einstaklingi, félagi, fyrirtæki eða annarri stofnun sem hefur að mati nefndarinnar staðið sig best undangengið ár við að vinna að framgangi jafnréttismála. Til greina koma aðilar sem sinnt hafa jafnréttismálum með verkefnum, fræðslu, rannsóknum, gerð jafnréttisáætlunar eða á annan hátt unnið með jafnrétti kynja í Kópavogi.

Þessi viðurkenning hefur verið veitt fimm undangengin ár. Menntaskólinn í Kópavogi hlaut hana síðast.

Tilnefningu skal senda til Jafnréttisráðgjafa Kópavogsbæjar, í tölvupósti á netfangið: kristinol@kopavogur.is, á faxi 570-1501, eða pósti; Jafnréttisráðgjafi, Fannborg 2, 200 Kópavogur.

Frestur er til og með 15. júní 2007.

Viðurkenningin verður afhent 4. júlí n.k. þegar 50 ár verða frá því að Hulda Jakobsdóttir Kópavogi varð fyrst kvenna á Íslandi bæjarstjóri.

TILBOÐ / ÚTBOÐ

MATÍS

**Forkönnun vegna húsnæðis eða lóðar fyrir Matís**

Matís ohf. (Matvælarannsóknir Íslands) leitar að húsnæði eða lóð fyrir starfsemi fyrirtækisins á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið sinnir hagnýtum matvælarannsóknum með meginherslu á nýsköpun og öryggi matvæla. Matís er með starfsemi á tveimur stöðum í Reykjavík en markmiðið er að sameina reksturinn á einum stað.

Matís leggur áherslu á að framtíðarhúsnæðið sé um 4.000 fermetrar, með rannsóknastofum, skrifstofum og fundaraðstöðu. Helmingur húsnæðisins þarfnast sérlagna fyrir rafmagn vegna rannsókna og í öryggisskyni.

Matís hefur áhuga á að skoða hvort heldur er langtímaleigu/kaup á nýbyggingu, lóð eða tilbúnu húsnæði, sem má breyta svo að það falli að þörfum fyrirtækisins. Tenging við háskóla eða þekkingarmiðstöð er kostur.

Afhendingartími húsnæðis er samkvæmt samkomulagi.

Áhugasamir sendi upplýsingar eða hafi samband fyrir 1. júlí á netfangið bygging@matis.is.

Nánari upplýsingar um Matís er að finna á www.matis.is

**Tollkvótar vegna innflutnings á nautgripa-, svína- og alifuglakjöti.**

Með vísan til 65. gr. og 65. gr A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og með vísan til reglugerðar, dags. 31. maí 2007, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta fyrir nautgripa-, svína- og alifuglakjöt, fyrir tímabilið 1. júlí 2007 til 30. júní 2008:

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu landbúnðarráðuneytisins: www.landbunadarraduneyti.is

Skriflegar umsóknir skulu berast til landbúnaðarráðuneytisins, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík, fyrir kl. 15:00 mánudaginn 8. júní n.k. Landbúnaðarráðuneytinu, 1. júní 2007.

FRAMHALDSSKÓLINN Í VESTMANNAEYJUM

**Skipstjórnarnám í Eyjum**

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum mun bjóða uppá 1. stig skipstjórnarnáms haustið 2007 ef næg þátttaka fæst. Námið tekur tvö ár samkvæmt námskrá framhaldsskóla.

Boðið verður uppá **heimavist** í hjarta bæjararins (með fæði ef óskað er) og aðstoð við öflun íbúða. Umsóknum þarf að skila fyrir 12. júní. Sótt er um á www.menntagatt.is eða í gegnum heimasíðu FÍV www.fiv.is

**Skólameistari**

UNESCO — ÞINGVELLIR ÞJÓÐGARÐUR — HEIMSMINJAR WORLD HERITAGE • PATRIMOINE MONDIAL

**Fimmtudagskvöld á Þingvöllum 2007**

Á fimmtudagskvöldum í júní og júlí býður þjóðgarðurinn fræðimönnum og öðrum áhugamönnum um staðinn að fjalla um hugðarefni sín tengd Þingvöllum. Allar gönguferðirnar hefjast kl. 20:00 við fræðslumiðstöðina við Hakið og taka um 2 klst.

**7. júní**
**Konungskoman og konungsglíman á Þingvöllum 1907**
Helgi Skúli Kjartansson sagnfræðingur segir frá konungskomunni og þýðingu hennar. Glímumenn frá Glímusambandi Íslands rifja upp konungsglímuna sem var háð í tilefni heimsóknarinnar og sýna glímubrögð.

**14. júní**
**Frigg og Freyja**
Ingunn Ásdísardóttir þjóðfræðingur og þýðandi fjallar um hugmyndir sínar um hinn forna goðaheim þar sem gyðjur skipa miklu stærri sess en bæði Snorri og margir síðari tíma fræðimenn hafa talið.

**21. júní**
**Alþingi á Þingvöllum**
Gunnar Karlsson sagnfræðingur ræðir um störf og skipan Alþingis á þjóðveldisöld.

**28. júní**
**Tildrög fyrstu drekkingar, eingetið barn**
Ragnar Arnalds rithöfundur fjallar um líf og örlög fyrstu konunnar sem drekkt var í Drekkingarhyl.

**5. júlí**
**Glæpasviðið Þingvellir**
Katrín Jakobsdóttir íslenskufræðingur fjallar um Þingvelli sem sögusvið glæpa í íslenskum bókmenntum.

**12. júlí**
**Hreppstjórinn í Skógarkoti**
Páll Lýðsson bóndi og sagnfræðingur í Litlu-Sandvík segir sögur af Kristjáni Magnússyni hreppstjóra í Skógarkoti.

**19. júlí**
**Hvað eiga Þingvallavatn og Galápagos eyjarnar sameiginlegt?**
Skúli Skúlason rektor Hólaskóla fjallar um lífríki Þingvallavatns og tengir það við hugmyndir um þróun tegunda.

**26. júlí**
**Jarðskorpuhreyfingar á Þingvöllum**
Páll Einarsson prófessor í jarðeðlisfræði skýrir hreyfingar jarðskorpunnar undir Þingvöllum og hvernig það tengist flekaskilum undir Íslandi.

Landsbankinn
- traustur bakhjarl fræðslu í þjóðgarðinum á Þingvöllum

Upplýsingar um dagskrá þjóðgarðsins má finna á heimasíðu þjóðgarðsins www.thingvellir.is og í síma þjónustumiðstöðvar 482-2660. Þátttaka í fræðsludagskrá þjóðgarðsins er öllum opin og án endurgjalds. Dagskrá er birt með fyrirvara um breytingar.

LYNGVÍK FASTEIGNASALA
Sigrún Gissurardóttir, löggiltur fasteignasali
SÍÐUMÚLA 33 • 108 REYKJAVÍK.
SÍMI 588 9490 • FAX 568 4790
WWW.LYNGVIK.IS
LYNGVIK@LYNGVIK.IS

## ÁLAKVÍSL



Um er að ræða vel staðsetta 4ra herbergja íbúð á tveimur hæðum með með sér inngangi. Mjög gott útsýni. **V. 24,7 m.**

## ÞÓRÐARSVEIGUR MEÐ STÆÐI Í BÍLGEYMSLU



Um er að ræða 87 fm 3ja herbergja íbúð á 2.hæð með sér inngangi af svölum og stæði í bílgeymslu í góðu lyftuhús. **Suður svalir. Verð 21,9 m.**

Frum

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Yfir 150.000 gestir daglega.**

**Stórmarkaður í stofunni heima.**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

allt heimili
Alla fimmtudaga



Fasteignasalan
BAKKI ehf
Sími 482-4000
Heimasíða www.bakki.com
Netfang bakki@bakki.com
Sigtún 2 Selfossi

Þröstur Árnason
lögg.fasteignasali
sími 899-5466




# Iðnaðarhús Hveragerði



**Fyrir fjárfesta:** Eldra iðnaðarhúsnæði við Dynskóga í Hveragerði sem býður upp á ýmsa möguleika. Burðarvirki hússins er steypt og steypubitar í þaki einnig. Hlaðið er á milli bita með holsteini. Húsið er byggt 1964 og var vel til þess vandað á sínum tíma. Lóðin er 6.634fm afar vel staðsett. Húsnæðið gæti hentað undir ýmiskonar framleiðslu eða jafnvel geymslu en geymsluhótel hefur verið rekið með góðum leigutekjum í eigninni undanfarið. Mikill kostur er líka að fast hitaveitugjald er til staðar um 6.000.kr.pr.mán og ótakmarkað vatn. Hugmyndir hafa verið uppi um að byggja ný hús á lóðinni. Húsnæðið er skráð 1.830fm en að auki er stórt milliloft. Íbúð/skrifstofa er einnig í norðurenda hússins. **Verð 125.000.000 kr.**

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA
BORGARTÚN 29
SÍMI 510 3800
FAX 510 3801
WWW.HUSAVIK.NET
REYNIR BJÖRNSSON
LÖGG. FASTEIGNASALI

**Opið hús í dag frá kl. 14-15**
**Lækjasmári 68 - Sér inngangur**





Falleg og björt 2ja herbergja 67 fm íbúð á 1. hæð (jarðhæð) með sér inngangi í fallegu tveggja hæða litlu fjölbýli á þessum vinsæla stað í Kópavogi. Björt stofa með útgangi út á hellulagða verönd með skjólveggjum og sér garði. Þvottahús innan íbúðar og parket á stofu, eldhúsi og holi. Baðherbergi með baðkari, innréttingu og flísum. **Verð 18,5 millj.**

***Reynir Björnsson lfs. býður gesti velkomna í dag frá kl. 14-15. Teikningar á staðnum.***

Frum

**Opið hús í dag frá kl. 15-16**
**Skipasund 85 - Sér inngangur**





Vorum að fá frábærlega staðsetta 3ja herbergja ca 71 fm íbúð í kj. með sér inngangi í þríbýlishúsi. Eignin er parketlögð og skiptist í tvö svefnherbergi, mikið endurnýjað baðherbergi, eldhús, stóra og bjarta stofu og geymslu. Baðherbergi er flísalagt með glugga. Á hæðinni er sameiginlegt þvottahús og útgangur út í garð. Til stendur að sprunguviðgera húsið og mála og mun seljandi greiða fyrir þær framkvæmdir. **Verð 18,9 millj.**

***Guðlaugur og Brynja Dögg bjóða gesti velkomna í dag frá kl. 15-16. Teikningar á staðnum.***

HÚSAVÍK – ÞAR SEM GOTT ORÐSPOR SKIPTIR MÁLI

TILKYNNINGAR

:fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA



# Innritun fyrir haustönn 2007

Innritun fyrir haustönn 2007 stendur nú yfir. Umsóknarfrestur er til 11. júní. Rafræn innritun fer í gegnum www.menntagatt.is. Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu skólans sem er opin 8.00-15.00 eða á heimasíðu skólans, www.fa.is.

## Eftirtaldar námsbrautir eru í boði:

**Bóknámsbrautir til stúdentsprófs:**

- félagsfræðibraut,
- málabraut,
- náttúrufræðibraut og
- viðskipta- og hagfræðibraut.

**Heilbrigðisskólinn:**

- Heilsunuddarabraut,
- hjúkrunar- og móttökuritarabraut,
- brúarnám á hjúkrunar- og
- móttökuritarabraut
- lyfjatæknabraut
- læknaritarabraut
- sjúkraliðabraut og tanntæknabraut.
- viðbótarnám til stúdentsprófs

**Almenn námsbraut.**

Nánari upplýsingar um allar þessar brautir eru á heimasíðu skólans, www.fa.is. Þar er einnig kynning á skólastarfinu, myndir úr félagslífi o.fl.

Skólinn býður upp á fjarnám allt árið. Nánari upplýsingar á heimasíðu skólans.

**Skólameistari**

## Tollkvótar vegna innflutnings á nautgripa-, svína- og alifuglakjöti.

Með vísan til 65. gr. og 65. gr A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og með vísan til reglugerðar, dags. 31. maí 2007, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta fyrir nautgripa-, svína- og alifuglakjöt, fyrir tímabilið 1. júlí 2007 til 30. júní 2008:

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu landbúnðarráðuneytisins: www.landbunadarraduneyti.is

Skriflegar umsóknir skulu berast til landbúnaðarráðuneytisins, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík, fyrir kl. 15:00 mánudaginn 8. júní n.k.

Landbúnaðarráðuneytinu, 1. júní 2007.

## FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF

Sími 562 4250

Pétur Þ. Sigurðsson hrl. löggiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

Frum



**Kirkjulundur – Eldri borgarar – Opið hús kl. 14-16**

Til sölu falleg og vel skipulögð 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með verönd og sérinngangi. Parket og flísar á gólfum. Góðar innréttingar. Stór stofa með útgengi út á sérverönd. Gott eldhús með borðkrók. Íbúðinni fylgir stæði í bílageymslu sem og eignarhlutur í sameiginlegum samkomusal. Stutt er í alla þjónustu. **Verð 26,5 millj.**

***Arndís sýnir íbúðina á milli kl. 14 og 16 í dag.***

# Útboð

Veiðifélagið Hængur óskar hér með eftir tilboðum í lax og silungsveiði til þriggja ára frá 20 júní 2008 í árnar Laxá á Refasveit og Norðurá. Um er að ræða 2 stangir í neðri hluta Laxár frá frá 20 júní til 20 september og 1 silungastöng í fremri hluta Laxár og Norðurá, frá 20 júní til 20 ágúst.

Ánum fylgir veiðihús, sem er 3 herbergi og svefnloft. Útboðsfrestur er til kl 13oo laugardaginn 23 júní 2007. Tilboð verða opnuð sama dag og tíma að Syðra-Hóli að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

**Tilboðin sendist til:**

**Veðifélagið Hængur**
Magnús Jóhann Björnsson
Syðra-Hóli, 541 Blönduós.
Nánari upplýsingar gefur Magnús í síma 4524335.

# Glæsilegar útsýnisíbúðir í Norðlingaholti

Í Norðlingaholti rís nú glæsileg byggð þar sem allt er til alls. Íbúðirnar sem um ræðir eru örstutt frá leik- og grunnskóla hverfisins og má segja að Norðlingaholt sé lítill smábær í borginni. Það er fallegt útsýni m.a að Bláfjöllum, Elliðavatni, Esjunni og Rauðavatni. Gróin útivistarsvæði eru við Rauðavatn, Rauðhóla og í Heiðmörkinni. Gríðarlega barnvænt umhverfi sem er að slá í gegn.





70% íbúða seldar

## Hver að verða síðastur!

**Þá þegar hafa 50 íbúðir verið seldar og hefur áhugi farið fram úr björtustu vonum. Allar nánari upplýsingar um óseldar íbúðir Eru veittar á fasteignasölunni Kjöreign.**

## Helluvað 7-21

Vandaðar 66-150 fermetra 2ja, 3ja, 4ra og 5 herbergja íbúðir. Tilbúnar til afhendingar í júlí 2007.

**Verð frá 18.2 milljónum**

| | |
|---|---|
| 2ja herbergja íbúðir frá 66 fm. | Verð frá 18.2 milljónum |
| 3ja herbergja íbúðir frá 96 - 100 fm. | Verð frá 22.9 milljónum |
| 4ja herbergja íbúðir frá 105 - 116 fm. | Verð frá 26.5 milljónum |
| 3ja herbergja penthouse frá 85 - 87 fm. | Verð frá 27.3 milljónum |
| 5ja herbergja penthouse frá 141 - 150 fm. | Verð frá 43.9 milljónum |

## Dæmi um fjármögnun 3-ja herbergja íbúðar: Verð: kr. 22.900.000.

| | |
|---|---|
| Útborgun 10%: | kr. 2.290.000 |
| Íbúðarlán í boði allt að 80%: | kr. 18.320.000 |
| Lán í boði frá seljanda 10%: | kr. 2.290.000 |
| **Samtals:** | kr. 22.900.000 |

## Allar íbúðir eru vel útbúnar:

- Uppþvottavél og ísskápur fylgja öllum íbúðum.
- Mynddyrasími í öllum íbúðum.
- Fjögur lyftuhús í hvoru húsi sem tengjast bílageymslu.
- Suðursvalir fylgja öllum íbúðum.
- Aðstaða fyrir heitan pott á svölum efstu hæðar.
- Granít á eldhúsborðum. Viðurkennd eldhústæki frá Bosch.
- Stæði með öllum íbúðum í lokaðri bílageymslu auk útistæða.
- Þvottastæði í bílageymslu.

Arkitektar: T. Ark, Brautarholti 6

Kjöreign ehf sími 533 4040

EYKT ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

**Teikningar og frekari upplýsingar á kjoreign.is og eykt.is**

## HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**BLIKAÁS 13 - HF.**

Frum



**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 14.00 OG 16.00**

Rúmgóð 119 fm, 4ra herbergja endaíbúð á 1. hæð, jarðhæð, í litlu fjölbýli m/sér inngang, vel staðsett í Áslandshverfi í Hafnarfirði. Stór afgirt timburverönd í suður garði. Góð eign sem vert er að skoða. **V. 28,3 millj.**

**Ingibjörg og Sigurður bjóða ykkur velkomin.**

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

## FASTEIGNA-MARKAÐURINN

**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## OPIÐ HÚS Í DAG

**Njálsgata 83**
3ja herb. risíbúð
Opið hús í dag frá kl. 14-16





Frum

Góð 72 fm 3ja herb. risíbúð í fjórbýlishúsi í miðborginni. Íbúðin skiptist í gang, eldhús með nýlegu parketi á gólfi, samliggjandi borð- og setustofu, eitt svefnherbergi og endurnýjað baðherbergi, flísalagt í gólf og veggi. Upprunalegar lakkaðar hurðir í íbúðinni. **Góð íbúð miðsvæðis. Til afhendingar við kaupsamning. Hagstætt lán getur fylgt. Verð 17,9 millj.**

**Íbúðin verður til sýnis í dag, sunnudag, frá kl. 14-16**
**Verið velkomin.**




FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

# MIÐBORG

Laugavegur 182 4. hæð • 105 Rvk

**Sími 533 4800**

Björn Þorri, hdl., lögg. fast.sali. – Karl Georg, hrl., lögg. fast.sali.

## Ingólfsstræti




94 fm glæsilegt húsnæði á 1. hæð við Ingólfsstræti í hjarta miðbæjarins. Um er að ræða eign sem býður upp á mikla möguleika fyrir ýmiss konar starfsemi eins og gallerí, verslun, skrifstofur eða kaffihús. Húsnæðið er skráð íbúðarhúsnæði og því hægt að fá hagstæð lán á eignina. **V. 33,9 m.**

Frum

# HRAUNHAMAR

FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

## Einbýli/sérbýli óskast til leigu.

- Vantar fyrir einn af viðskiptavinum okkar, einbýli/sérbýli til leigu í skemmri eða lengri tíma, frá og með 01.07.2007.
- Traustar greiðslur.
- Óskað er eftir einbýli/sérbýli helst í Hafnarfirði.

Upplýsingar gefur Helgi Jón, sölustjóri, í síma 893-2233

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

Frum

# EIGNAMIÐLUN

Síðumúla 21 ▸ eignamidlun@eignamidlun.is ▸ Fax 588 9095
www.eignamidlun.is ▸ Mánud. - fimmtud. **9-18** Föstud. **9-17**

**Sími 588 90 90**

Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

## GARÐASTRÆTI 16

OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 3 JÚNÍ MILLI KL. 14 OG 15



Mjög góð og vel umgengin 3ja herbergja íbúð á fyrstu hæð. Íbúðin er 98,7 fm og skiptist í 2 stórar stofur gott svefnherbergi með fataherbergi, eldhús , baðherbergi og hol. **Verð 29,0 m.**

MARGRÉT VERÐUR Á STAÐNUM OG SÝNIR

Frum

# EIGNAMIÐLUN

Síðumúla 21 ▸ eignamidlun@eignamidlun.is ▸ Fax 588 9095
www.eignamidlun.is ▸ Mánud. - fimmtud. **9-18** Föstud. **9-17**

**Sími 588 90 90**

Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

## ÁSHOLT 32 – LAUST STRAX

OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 3 JÚNÍ MILLI KL. 14 OG 15



Mjög fallegt tvílyft raðhús auk stæðis í bílageymslu í mjög eftirsóttu húsi með sérlega fallegum garði. Eignin skiptist m.a. í forstofu, snyrtingu, hol, eldhús, stofu/borðstofu, sjónvarpshol, þrjú herbergi og baðherbergi. **Verð 37,5 m.**

Sölumaður á staðnum

Frum

# HÍBÝLI

FASTEIGNASALA

SUÐURGATA 7, 101 REYKJAVÍK, • www.hibyli.is • hibyli@hibyli.is

**SÍMI 585 8800 · FAX 585 8808**

## OPIN HÚS Í DAG

### DUNHAGI 13




**OPIÐ HÚS Í DAG SUNNUDAG KL. 15-16**

Björt og falleg 99 fm endaíbúð á 4. hæð í góðu fjölbýlishúsi. Íbúðin skiptist í saml. stofur, parket, suðaustusvalir útaf. Eldhús með nýlegri innréttingu úr birki, flísar á gólffi, borðkrókur Tvö svefnherbergi, parket, innb. fataskápar. Baðherbergi, flíslagt að hluta, baðkar, gluggi. Í kjallara fylgir herbergi. (geymsla). Fallegt útsýni, stutt í grunnskóla og Háskólann. Göngufæri við miðborgina. Íbúðin er laus við kaupsamning.

***Bryndís tekur á móti gestum í dag, sunnudag milli kl. 15 og 16***

### VEGHÚSASTÍGUR 9




**OPIÐ HÚS Í DAG SUNNUDAG KL. 14-15:30**

Mjög skemmtileg 105 fm efri sérhæð í þríbýlishúsi auk 17 fm geymslurýmis í kjallara. Íbúðin skiptist þannig: Stór stofa, tvö stór svefnherbergi, rúmgott eldhús með hvítri innréttingu, tveimur gluggum og borðkrók. Baðherbergi með sturtuklefa og baðkari. Upprunaleg viðargólfborð á íbúðinni, góð lofthæð, rósettur og listar í loftum. Húsið er talsvert endurnýjað, m.a. utanhússklæðning og fl. Góð staðsetning í Skuggahverfinu.

***María tekur á móti gestum í dag, sunnudag milli kl. 14 og 15:30***

Ingibjörg Þórðardóttir, löggiltur fasteignasali.

Frum

# Sölusýning í dag

**Sunnudagur** milli kl. **14 og 16** Ljósakur 7–17

Arnarneshæð

*á móti hækkandi sól*



### Raðhús

Við hefjum nú sölu á 6 raðhúsum á Arnarneshæð. Í því tilefni verðum við með opið hús að Ljósakri 7 til 17 en þau eru 233 ferm., rúmgóð og björt, stílhrein raðhús á skjólsælum stað. Útsýnið er ákaflega gott, ekkert sem skyggir á. Húsin eru klædd ýmist báraðri eða sléttri, viðhaldslítilli álklæðningu sem gefur þeim stílhreint útlit. Allur frágangur að utan tryggir lágmarksviðhald.
**Raðhúsin eru afhent tilbúin til innréttinga samkvæmt staðlinum ÍST-51.**

### Glæsileg

- 233 fm á tveimur hæðum
- Þar af 28 fm bílskúr
- Stílhreint
- Á skjólsællum stað
- 45 fm svalir
- Álklæðning
- Lámarksviðhald

### Heimili

- Forstofa
- 3 rúmgóð svefnherbergi
- Þvottahús
- Geymsla
- Innangengt í bílskúr
- Stórt fjölskyldurými
- Eldhús, borð- og setustofa
- Óbein lýsing í veggjum svala

### Umhverfið

- Glæsilegt hverfi á besta stað í Garðabæ
- Bjart og opið hverfi
- Skjósælar suðurhlíðar
- Lágreist byggð
- Græn svæði og göngustígar
- Enginn gegnumakstur í hverfinu
- Stutt í verslun og þjónustu
- Leikskólar, grunnskóli og framhaldsskóli innan hverfis

Ljósakur 9 til 15 verð **58,9**

Ljósakur 7 og 17 verð **59,9**

www.arnarnes.is

HÚSAKAUP

Sími 530 1500 • Suðurlandsbraut 52 • við Faxafen • www.husakaup.is

Pottur og garðhúsgögn í sýningarhúsi eru frá Ísleifi Jónssyni ehf.

ÍSLEIFUR JÓNSSON

